



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Upprisan og vorið!

Páskar í Akureyrarkirkju

Pegar sól hækkar á lofti og vorilmur fyllir vitin tekur náttúran jóðsott og fæðir gróandann í heiminn, þá er gott að vera til. Það er magnað að skynja sigur lífsins í umhverfinu, láta geisla páskasólar umvefja sig, því hún er í nánd, sjálf páskasólin. Það er tími föstunnar og við erum á leið upp Golgatahæð í fylgd frelsarans. Hann ber þjáningar okkar á herðum sér, og þjáningin er í líki krossins sem hann umbreytti í sigurtákn lífsins, þjáningin breyttist í von, dauðinn í líf, vetur í vor, gröfin var tóm og þær, vinkonur Jesú urðu fyrstu vitni að atburðinum sem gaf okkur tilefni til að trúa og treysta á hið góða í þessu lífi. Já gaf okkur tilefni til að standa keik með réttlætun, kærleikanum og voninni þessum óáþreifanlegu gæðum sem bera ávöxt á sínum eigin forsendum, sínum hraða og gefa lítið fyrir mátt og megin þess sem dýrkar vald sitt. Þessi gæði eru eins og vorið þau koma þegar við höfum þreytt þorrann, lifað skammdégið, dimma morgna, kulda og veðurham. Páskarnir eru stærsta hátíð kristinna manna, það er gefandi að vera samferða í kirkjunni í dymbilviku og á páskahátíðinni sjálfri, þá er dýrmætt að eyða tíma með fjölskyldunni og Guði, fara á skíði, sækja tónleika, hitta fólk og þiggja andlega næringu helgihaldsins, minna sig á hvað Kristur færði þessari veröld og finna hvaða augum hann lítur sérhverja manneskju.

Samfylgdin hefst á skírdagskvöld kl. 20:00. Þá munu séra Hildur Eir

Bolladóttir, Eyþór Ingi Jónsson organisti og Sigrún Arngrímsdóttir bjóða upp á kyrrðarstund, þar sem skiptist á ljóðalestur, hugleiðing og söngur, altarisganga og síðan slökkvum við öll ljós og göngum í þögn útúr kirkjunni í táknrænni samfylgd við frelsarann sem fór ásamt lærisveinum sínum út í Getsemanegarðinn á þessu kvöldi.

Föstudaginn langa kl. 21:00 er kyrrðarstund við krossinn. Mögnuð stund í umsjá séra Svavars Alfreds Jónssonar. Kór Akureyrarkirkju syngur, organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

Páskadagur kl. 8.00. Upprisuhátíð í Akureyrarkirkju, Hátíðarmessa í umsjá sr. Hildar Eirar Bolladóttur. Kór Akureyrarkirkju syngur, organisti er Eyþór Ingi Jónsson.

Páskahlátur í Safnaðarheimilinu strax að messu lokinni. Veitingar, hlátur og kórsöngur.

Fjölskylduguðsþjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11.00 í umsjá sr. Svavars Alfreds Jónssonar og Sunnu Dóru Möller. Þar munu yngri og eldri barnakórar Akureyrarkirkju syngja, organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

Guðsþjónusta verður á Kjarnalundi kl. 14.00 þennan sama dag í umsjá sr. Svavars Alfreds Jónssonar.

Annar í páskum kl. 17.00. Hátíðarmessa í Minjasafnskirkjunni í umsjá sr. Hildar Eirar Bolladóttur.

Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20.00 í umsjá sr. Solveigar Láru Guðmundsdóttur.

Stjórn sóknarnefndar endurkjörin

Aðalsafnaðarfundur Akureyrarsóknar var haldinn í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju, sunnudaginn 3. apríl, strax að messu lokinni.

Fundarstjóri var Hreinn Pálsson. Á fundinum var flutt skýrsla formanns og gjaldkera og fjárhagsáætlun næsta árs kynnt, þá var einnig gert grein fyrir starfsemi Kirkjugarða Akureyrar og önnur mál rædd.

Stjórn sóknarnefndarinnar var öll endurkjörin en hana skipa, Rafn Sveinsson, formaður, Gestur Jónsson, gjaldkeri, Bryndís Baldursdóttir, ritari, Birgir Styrmisson, meðstjórnandi, Gunnur Ringsted, Jón Oddgeir Guðmundsson, Ólafur Rúnar Ólafsson, Stefánía Hauksdóttir og Sæbjörg S. Kristinsdóttir.



Þessi flotti krakkabópur frá leikskólanum Krógabóli kom og beimsóttu okkur á dögunum. En þau voru á ferð um bæinn til að skoða tröppur og urðu kirkjutröppurnar meðal annars fyrir valinu.

Kirkjulistavika í Akureyrarkirkju 2011

Dagana 8.-15. maí næstkomandi stendur yfir Kirkjulistavika í Akureyrarkirkju. Þetta er í 12. skipti sem Kirkjulistavika í Akureyrarkirkju er haldin og er dagskráin fjölbreytt og glæsileg. Má þar nefna tónleika af ýmsu tagi, myndlistasýningu, sýningu á teikningum sr. Bolla Gústavssonar, kvikmyndasýningu, krílasálmásöng og margt fleira.

Alla vikuna verður svo kaffihús í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju þar sem boðið verður upp á ljúffengar veitingar, lifandi tónlist og leikþætti.

Nánari upplýsingar um dagskrá Kirkjulistaviku má finna á heimasíðu kirkjunnar http://www.akirkja.is/page/kirkjulistavika_2011

Nýr meðhjálpari við Akureyrarkirkju

Um síðastliðin áramót tók til starfa hjá okkur nýr meðhjálpari, Ingibjörg Salóme Egilsdóttir.

Inga Salóme eins og hún er oftast kölluð er fædd á Akureyri og ólst upp í Lækjargilinu. Hún útskrifaðist úr Sjúkraliðaskóla Íslands árið 1978 og starfaði lengst af á barnadeild og skurðstofu FSA. Hún bjó í tvö ár á Selfossi og starfaði þar á Sjúkrahúsi Suðurlands og síðan við heimahjúkrun hjá Heilsugæslustöðinni á Akureyri eftir að hún flutti aftur norður, en þurfti svo að láta af störfum vegna bakveikinda og hefur ekki getað unnið utan heimilis síðan. Inga er gift Jósep Zophoniasyni og eiga þau fjögur börn, Hólmfríði Svölu, 13 ára, Jönu Salóme, 20 ára, Sigmar, 23 ára og Öglu Maríu 29 ára. Einnig eiga þau eitt barnabarn, Jósep Heiðar 8 ára. Árið 2000 gerðist Inga kórmamma hjá barnakór Akureyrarkirkju þegar Jana Salóme byrjaði þar og síðan hjá Stúlnakórnum og hefur ferðast með Stúlnakórnum bæði innan- og utanlands. Hún segir að þar hafi hún fundið hversu gott er að

starfa og vera í þessari dásamlegu kirkju með öllu því góða fólk sem þar starfar. Inga gekk í Kór Akureyrarkirkju árið 2004 og hefur sungið þar síðan. Um leið og við bjóðum Ingu Salóme velkomna til starfa viljum við þakka Heiðdís Norðfjörð, fráfarandi meðhjálpara, fyrir ómetanlegt og óeigingjarnt starf hér við Akureyrarkirkju.



Ingibjörg Salóme Egilsdóttir, meðhjálpari Akureyrarkirkju.



Helgihald á FSA um páska 2011

Helgihald á FSA um páska 2011 verður sem hér segir:

Á skírdag verður messa með altarisgöngu kl. 14.30 í dagstofu Ö-deildar á Kristnesi. Séra Guðrún Eggertsdóttir og Valgerður Valgarðsdóttir djákni þjóna. Organisti: Dorothea Tómasdóttir.

Á páskadag verða helgistundir á Lyfjadeild og HO-deild, sú fyrri kl. 16.30 og sú síðari í beinu framhaldi. Valgerður Valgarðsdóttir djákni þjón-



ar. Organisti: Valmar Völjao. Félagar úr kór Glerarkirkju syngja.

Allir hjartanlega velkomnir og ánægjulegt væri ef aðstandendur sæju sér fært að tímasetja heimsóknir sínar þannig að þeir gætu notið helgihaldsins með okkur.

Alla miðvikudaga eru fyrirbænastundir í kapelli FSA kl. 11.15. Fyrirbænaefnum má koma til prests eða djákna.



Nýtt kertaaltari í kapelli Akureyrarkirkju, gjöf frá Kvenfélagi Akureyrarkirkju.

Fermingarbörn í Akureyrarkirkju í apríl og maí 2011



Laugardagur, 16. apríl, kl. 10.30

Agnes Brá Baldvinsdóttir, Fjólugötu 10
Erik Snær Elefsen, Byggðavegi 94
Garðar Smári Helgason, Dalsgerði 1a
Guðmundur Ásgeir Grétarsson, Grenilundi 25
Hákon Freyr Jónsson, Ránargötu 5
Henný Elvarsdóttir
Hrannar Þór Rósarsson, Stekkjartúni 19
Sigtryggur Jónsson, Sólvöllum 13
Sigurður Sveinn Jónsson, Mosateigi 3
Stefán Jón Steinþórsson, Grenivöllum 14-301

Svandís Davíðsdóttir, Goðabyggð 5
Valur Jónbergsson, Grundargerði 4c
Vigfús J. Hjaltalín, Grundargerði 4c
Þorsteinn Kristjánsson, Ásvegi 23

Pálmásunnudagur, 17. apríl, kl. 10.30

Agnar Geirsson, Dalsgerði 5e
Alfa Eir Jónsdóttir, Skarðshlíð 11b
Bjarki Þór Viðarsson, Heiðarlundi 6g
Friðrik Jóhann Baldvinsson, Helgamagrastræti 6
Hallgrímur Már Arason, Tjarnarlundi 2h
Hrafnhildur Ósk Birgisdóttir, Stallatúni 4
Íris Hrönn Garðarsdóttir, Þórunnarstræti 130
Jóhann Sigurðsson, Furulundi 2a
Kristín Fjóra Arnbjörnsdóttir, Norðurgötu 35

Lovísa Ýr Héðinsdóttir, Einholti 8d
Lóa Aðalheiður Kristínardóttir, Ásabyggð 2
Maron Trausti Halldórsson, Austurbyggð 11
Marta Gréta Magnúsdóttir, Dalsgerði 1b
Úlfur Logason, Klettaborg 21
Viktória Sól Birgisdóttir, Eyrarvegi 12
Ylfa Björt Jónsdóttir, Gránufélagsgötu 21

Laugardagur, 7. maí, kl. 10.30

Andri Már Ólafsson, Rauðmýri 12
Aníta Ösp Guðjónsdóttir, Grundargerði 7a
Aron Árni Sverrisson, Vörðutúni 3
Daniel Orri Jóhannsson, Dalsgerði 1c
Grétar Þór Jónsson, Löngumýri 11
Guðmundur Sverrisson, Dalsgerði 2f

Haukur Örn Halldórsson, Helgamagrastræti 53
Hafðís Björk Þórðardóttir, Kjarnagötu 16-204
Heba Þórhildur Stefánsdóttir, Reynivöllum 8
Helena Halldórsdóttir, Stekkjargerði 3
Hildur Dórothea Þórðardóttir, Kjarnagötu 16-204
Hólmfríður Sigurðardóttir, Grænumýri 12
Hólmfríður Svala Jósepsdóttir, Ljómátúni 8
Hrafnhildur Lára Hrafnisdóttir, Grundargerði 8a
Íris Ósk Vigfúsdóttir, Sólvöllum 8
Ísak Máni Júlíusson, Grenivöllum 14
Kolbrún Líf Jónsdóttir, Vanabyggð 4b
Stefanía Daney Guðmundsdóttir, Kjarnagötu 38-202
Særún Halldórsdóttir, Strandgötu 43
Þorkatla Haraldsdóttir, Strandgötu 25
Örvar Jónsson, Dvergagili 11

Starfið í Akureyrarkirkju næstu vikurnar

Föstudagurinn 15. apríl

Æfing fermingarbarna kl. 16:00.
(Pau sem fermast 16. apríl).
Æfing fermingarbarna kl. 17:00.
(Pau sem fermast 17. apríl).

Laugardagurinn 16. apríl

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.
Prestar eru sr. Svavar Alfreð Jónsson og sr. Hildur Eir Bolladóttir.
Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja.
Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.

Pálmásunnudagur 17. apríl

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.
Prestar eru sr. Svavar Alfreð Jónsson og sr. Hildur Eir Bolladóttir.
Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja.
Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.
Vorferð sunnudagaskólans í Svalbarðskirkju kl. 11:00.
Umsjón sr. Bolli Pétur Bollason, Sunna Dóra Möller og Hjalti Jónsson.

Skírdagur 21. apríl

Skátamessa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Prestur er sr. Hildur Eir Bolladóttir.
Helgistund með altarisgöngu í Akureyrarkirkju kl. 20:00.
Prestur er sr. Hildur Eir Bolladóttir.
Einsöngvari er Sigrún Arna Arngrímsdóttir.
Organisti er Eypör Ingi Jónsson.

Föstudagurinn langi 22. apríl

Kyrrðarstund við krossinn kl. 21:00.
Prestur er sr. Svavar Alfreð Jónsson.
Kór Akureyrarkirkju syngur.
Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.
Miðnæturtonleikar Hymmodiu kl. 22:30.

Páskadagur 24. apríl

Upprisubátíð í Akureyrarkirkju, Hátíðarmessa kl. 8:00.
Prestur er sr. Hildur Eir Bolladóttir.
Kór Akureyrarkirkju syngur.
Organisti er Eypör Ingi Jónsson.
Páskablátur í Safnaðarheimilinu eftir messu.
Veitingar og kórsöngur.

Fjölskyldugudagshjónusta kl. 11:00.

Umsjón sr. Svavar Alfreð Jónsson og Sunna Dóra Möller.
Yngri og eldri barnakórar Akureyrarkirkju syngja.
Organisti er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir.
Gudshjónusta á Kjarnalundi kl. 14:00.
Prestur er sr. Svavar Alfreð Jónsson.

Annar í páskum 25. apríl

Hátíðarmessa í Minjasafnskirkjunni kl. 17:00.
Prestur er sr. Hildur Eir Bolladóttir.
Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.
Prestur er sr. Solveig Lára Guðmundsdóttir.

Sunnudagurinn 1. maí, verkalyðsdagurinn

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Prestur er sr. Gylfi Jónsson.
Félagar úr Kór Akureyrarkirkju syngja.
Organisti er Eypör Ingi Jónsson.
Sunnudagaskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.
Umsjón Sunna Dóra Möller.

Fastir liðir

Mánudagar:
Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Þriðjudagar:

Morgunsöngur í kapelli kl. 9:00.
Æfing Kammerkórsins Ísoldar kl. 16:30-18:00.
Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20:00-22:00.

Miðvikudagar:

Mömmumorgunn kl. 9:30-11:30.
Kirkjukrakkar kl. 16:00-17:00.
TTT kl. 17:00-18:00.
ÆFAK kl. 20:00-21:00.
12 spora hópar kl. 20:00-22:00.

Fimmtudagar:

Kyrrðar- og fyrirbænastund kl. 12:00.
Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.
Æfing yngri barnakórsins kl. 15:00 – 16:00.
Æfing eldri barnakórsins kl. 16:00 – 17:00.
Æfing Stúlnakórsins kl. 16:00 – 17:00.
Adrenalín kl. 17:30 – 19:30.